1864. 29. júní. klerkum, sem þar eru, að halda framvegis nokkra slíka opinbera guðsþjónustugjörð, sem hèr er um rætt.

---

29. júní. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um álnatal í hundruðum eptir hinni nýju jarðabók.**

Með brèfi 29. marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt frá hèraðsprófastinum í Dalasýslu; í því ber hann sig upp yfir úrskurði amtmannsins í vesturumdæminu, er lýtur að því, að í jarðarhundruðunum í jarðabókinni frá 1861 sèu ekki, eins og áður hefir verið, 120 álnir, heldur aðeins 100 álnir í hverju hundraði; hafið þèr skýrt frá, að þèr hafið svarað prófastinum, að það megi álítast öldungis vafalaust, að hið nýja jarðamat ekki hafi gjört neina breyting á hinni gömlu reglu um, að 120 álnir sèu í hundraði, og að þèr hafið boðið honum að gæta þess, að kirkjutíundin af jörðunum sè heimtuð samkvæmt þessu, en beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvað rètt beri að álíta í þessu efni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið fellst á álit yðar og ráðstafanir í þessu efni.

---

30. júní. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning sakamanns.**

Í brèfi dagsettu 12. d. marzm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar ágreining, sem orðið hefir millum yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um borgun 30 ríkisdala fyrir flutning á fanganum Guðlaugi Þórðarsyni í októbermánuði f. á. úr Eyjafjarðarsýslu til Reykjavíkur, þaðan er átti að senda hann til Kaupmannahafnar til að þola hèr í einhverju hegningarhúsi

hegningarvinnu þá, er hann hefir verið dæmdur til. Þèr hafið, herra stiptamtmaður, í þessu efni látið í ljósi það álit yðar, að eptir kansellíbrèfi 22. d. septemberm. 1840 beri að greiða fè þetta úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda umdæmis (hèr norður- og austurumdæmisins), en Havstein amtmaður heldur þar á móti, að kostnað þenna beri að greiða úr ríkissjóðnum án endurgjalds, og styður hann það álit sitt við konungsúrskurði dagsetta 17. aprílm. 1789 og 25. septemberm. 1816, kansellíbref 10. marzm. 1821 og rentukammerbrèf til norður- og austuramtsins, dags. 8. janúarm. 1842, og við venju þá, sem á síðari tímum hafi tíðkazt, þegar sakamenn hafa verið sendir úr greindu amti til að þola hegningarvinnu. 1864. 30. júní.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að konungsúrskurðir þeir og stjórnarráðabrèf, sem Havstein amtmaður hefir til vitnað, snerta einungis flutning sakamanna frá Íslandi til hegningarvinnuhúsa í Danmörku, og eiga því ekki við það tilfelli, sem hèr er fyrir hendi, þarsem ágreiningur er um kostnað við flutning sakamanns á Íslandi, skal yður um þetta efni kunngjört, að samkvæmt því, sem ákveðið var um áþekkt málefni í brèfi frá hinu fyrrveranda konunglega danska kansellíi til norður- og austuramtsins, dagsettu 2. dag októberm. 1841, ber að greiða áðurgreindan kostnað við flutning sakamannsins Guðlaugs Þórðarsonar á sama hátt og hinn kostnaðinn við sakamál hans, og þessvegna borga hann úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins að því leyti, sem hann ekki getur fengizt hjá sakamanninum.

Stjórnarráðið hefir í dag kunngjört amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu þenna úrskurð sinn, honum til athugunar.

---

## 54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldfrest á láni til Álptanes hrepps. 30. júní.

Þèr hafið, herra stiptamtmaðnr, í brèfi dags. 2. d. aprílm.